

Fjallabyggð



Íþróttasvæði Fjallabyggðar í Ólafsfirði

Deiliskipulag - Skipulagslýsing

20. september 2019

Efnisyfirlit	
Inngangur	3
Aðdragandi	3
Skipulagssvæðið	3
Viðfangsefni og áherslur	5
Deiliskipulag íþróttasvæðis í Ólafsfirði	5
Forsendur	5
Staðhættir	5
Aðalskipulag Fjallabyggðar 2008-2028	5
Fornminjar	5
Lög og reglugerðir	5
Áhrifamat	5
Kynning, samráð og skipulagsferli	5
Umsagnaraðilar	6
Tímaáætlun	6
Heimildir	8

Inngangur

Bæjarstjórn Fjallabyggðar hefur ákveðið að unnið verði deiliskipulag íþróttasvæðis í Ólafsfirði. Þegar vinna hefst við gerð skipulags skal taka saman lýsingu á verkefninu og kynna fyrir Skipulagsstofnun, almenningi og öðrum hagsmunaaðilum. Lýsing er eins konar verkáætlun um mótun tillögu þar sem tildrögum og forsendum skipulagsgerðarinnar er lýst og áherslur sveitarstjórnar dregnar fram. Deiliskipulagið verður unnið á tæknideild Fjallabyggðar af Írisi Stefánsdóttur, skipulagsfræðingi.

Aðdragandi

Uppbygging gervigrasvallar í Ólafsfirði var eitt af stefnumálum þeirra flokka sem mynduðu meirihluta eftir sveitarstjórnarkosningar vorið 2018. Í málefnasamning um meirihlutasamstarf flokkanna kemur fram að byggður verði gervigrasvöllur í Ólafsfirði, með lýsingu og bættri aðstöðu fyrir áhorfendur.

Skipulagssvæðið

Svæðið liggur við jaðar þéttbýlisins í suðausturluta bæjarins. Stórar þjónustustofnanir umlykja skipulagssvæðið, Menntaskólinn á Tröllaskaga, Grunnskóli Fjallabyggðar og heilsugæsla og dvalarheimili aldraðra í Hornbrekku.

Skipulagssvæðið sem er ca. 3,5 ha að stærð afmarkast af heimkeyrslu að Hornbrekku til suðurs, Ólafsfjarðarvegi til vesturs, lóð Menntaskólans á Tröllaskaga og Grunnskóla Fjallabyggðar til norðurs og deiliskipulagi snjóflóðavarna Hornbrekku til austurs.



Afmörkun svæðis

Loftmynd úr kortagrunni Fjallabyggðar

Viðfangsefni og áherslur

Deiliskipulag íþróttasvæðis í Ólafsfirði

- Skilgreina lóð og byggingarreit vallarhúss.
- Tryggja aðkomu inn á svæðið fyrir gangandi og akandi.
 - Göngustígar verða skilgreindir og tengja saman aðliggjandi svæði.
 - Bílastæðum verður fjölgað til að mæta þörf vegna íþróttaviðburða á svæðinu. Bílastæði við grunnskóla, íþróttamiðstöð og menntaskóla nýtast einnig við slíka viðburði.
- Bæta aðstöðu áhorfenda á svæðinu.
 - Byggingarreitur fyrir áhorfendastúku verður skilgreindur á saman stað og núverandi stúka er. Mön verður staðsett á milli knattspyrnuvalla sem nýtist fyrir áhorfendur á æfingarsvæðinu og dregur úr norðanvindi á keppnisvöllinum.
- Gera ráð fyrir lýsingu á íþróttasvæðinu til að auka möguleika á notkun svæðisins í skammdeginu.

Forsendur

Staðhættir

Skipulagssvæðið er staðsett syðst í þéttbýlinu með góða tengingu við menntaskóla, grunnskóla og sundlaug og íþróttahús. Á svæðinu er einn keppnisvöllur fyrir knattspyrnu og einn æfingavöllur.

Aðalskipulag Fjallabyggðar 2008-2028

Samkvæmt aðalskipulagi er svæðið skilgreint með merkingunni Ú13

Á skipulagstímanum er gert ráð fyrir að efla íþróttasvæðin með uppbyggingu á æfingasvæði fyrir knattspyrnu á Siglufirði og fullkomnum keppnisvelli fyrir frjálsar íþróttir og knattspyrnu í Ólafsfirði.

Fornminjar

Haft verður samráð við Minjastofnun Íslands í samræmi við lög um menningarminjar nr. 80/2012.

Lög og reglugerðir

Stuðst verður við reglugerð KSÍ nr.11/2019 um knattspyrnuleikvanga ásamt því að fylgja lögum um gerð deiliskipulags skv. skipulagslögum nr.123/2010 og skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Áhrifamat

Ekki eru áformaðar framkvæmdir innan skipulagssvæðisins sem líklegar eru til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif sbr. lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Deiliskipulagið fellur því ekki undir lög um umhverfismat áætlana.

Kynning, samráð og skipulagsferli

Í tengslum við vinnu við deiliskipulag verður haft samráð við þær stofnanir og hagsmunaaðila sem tengjast beint því sem snertir deiliskipulagsgerðina.

Skv. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 skal lýsing skipulagsáætlana send Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum í upphafi verks. Lýsingin verður auglýst í staðarblaði sem borið verður út á hvert heimili sveitarfélagsins. Hún mun liggja frammi á skrifstofu sveitarfélagsins og verða aðgengileg á heimasíðu þess www.fjallabyggd.is. Umsagnaraðilum og almenningi verður þannig gefinn kostur á því að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið við gerð skipulagsins.

Í framhaldi verður unnin skipulagstillaga sem kynnt verður á íbúafundi eða á annan fullnægjandi hátt. Fullunnin skipulagstillaga verður síðan auglýst skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þá verður gefinn kostur á athugasemdum í a.m.k. sex vikur. Að athugasemdafresti loknum mun skipulags- og umhverfisnefnd yfirfara athugasemdir sem kunna að berast. Gefi þær tilefni til meiriháttar breytinga á skipulagstillögunum skulu þær auglýstar að nýju.

Skipulags- og umhverfisnefnd gerir síðan tillögu til bæjarstjórnar um afgreiðslu skipulagsins. Samþykkt deiliskipulag verður sent Skipulagsstofnun til yfirferðar ásamt athugasemdum og málsmeðferð. Bæjarstjórn mun birta auglýsingu um samþykkt deiliskipulags í B-deild Stjórnartíðinda.

Jafnframt skal afgreiðsla bæjarstjórnar send þeim sem athugasemdir gerðu. Auglýsing, samþykkt og afgreiðsla deiliskipulags verður í samræmi við 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Umsagnaraðilar

Leitað verður umsagna við gerð skipulagsins til eftirfarandi stofnanna:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Rarik
- Norðurorka
- Vegagerðin
- Minjastofnun Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra

Einnig verður haft samráð við Ungmenna- og Íþróttasamband Fjallabyggðar (UÍF).

Tímaáætlun

ágúst/sept. 2019	Skipulagslýsing unnin, samþykkt og kynnt
Október 2019	Deiliskipulag fullmótað með skipulagsupprætti, greinargerð og skilmálum
Okt/nóv 2019	Opinn fundur/opið hús þar sem íbúar og aðrir hagsmunaaðilar geta kynnt sér deiliskipulagstillöguna.
Nóvember 2019	Tillaga að deiliskipulagi tekin fyrir á fundi skipulags- og umhverfisnefndar og á fundi sveitarstjórnar þar sem tillagan er afgreidd í lögbundið auglýsinga- og kynningarferli.
Nóv/des 2019	Tillaga að deiliskipulagi er í lögbundnu 6 vikna auglýsingarferli
Janúar 2020	Tillaga að deiliskipulagi tekin aftur fyrir á fundi skipulags- og umhverfisnefndar ásamt mögulegum athugasemdum og umsögnum sem hafa borist.
Janúar 2020	Tillaga að deiliskipulagi samþykkt af sveitarstjórn.
Febrúar 2020	Deiliskipulag sent Skipulagsstofnun sem hefur allt að 3 vikur til að afgreiða málið. Að því loknu öðlast deiliskipulag gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.



Staðhættir



Heimildir

Aðalskipulag Fjallabyggðar 2008-2028

Skipulagslög nr. 123/2010

Skipulagsreglugerð nr. 90/2013

Lög um menningarminjar nr. 80/2012

Lög um mat á umhverfisáhrifum 106/2000

Reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga nr. 11/2019